

Ljósmyndaskólinn ehf.
Ársreikningur 2022

Ljósmyndaskólinn ehf.
Hólmaslóð 6
101 Reykjavík

Kt. 610907-0750

Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|--|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymsyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi félagsins felst í rekstur skóla á sviði listrænnar ljósmyndatækni, eftirvinnslu og uppsetningar á sviði ljósmyndunar, rekstur fasteigna og lánastarfsssemi.

Rekstrartekjur félagsins námu 74.765,9 þús. kr. á árinu 2022 og lækkuðu um 1.232,7 þús. kr. milli ára eða um 2%. Hagnaður félagsins á árinu 2022 nam 3.587,2 þús. kr. (2021: 7.246,5 þús. kr.)

Eigið fé félagsins í árslok nam 5.461,9 þús. kr. (2021: 1.874,7 þús. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 18.650,0 þús. kr. Óheimilt er að úthluta arði til hluthafa á árinu 2023, en vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárréikningum.

Hluthafar í árslok voru tveir líkt og í ársbýrjun. Í árslok 2022 var hlutafé í eigu eftirtalinna aðila:


| | Eignarhluti |
|----------------------------------|-------------|
| Hjörðís Líney Pétursdóttir | 98,80% |
| Sigríður Ólafsdóttir | 1,20% |

Ljósmyndaskólinn ehf. á eigin bréf að nafnverði 50,0 þús. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ljósmyndaskólans ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 31. maí 2023.

Stjórn:


Sigríður Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri:


Hjörðís Líney Pétursdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Ljósmyndaskólanum ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Ljósmyndaskólans ehf. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýrinçar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðulunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félagini í samræmi við gildandi síðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendí. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvæðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.: ---

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef sliðkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórн meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þær ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 31. maí 2023.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|-----------|-------------------|-------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Rekstrartekjur | | 34.765.914 | 35.998.567 |
| Móttekinn styrkur | | 40.000.000 | 40.000.000 |
| | | <u>74.765.914</u> | <u>75.998.567</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 9 | 24.999.024 | 25.614.548 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 44.884.247 | 40.638.674 |
| Afskriftir | 10 | 481.182 | 588.830 |
| | | <u>70.364.453</u> | <u>66.842.052</u> |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 4.401.461 | 9.156.515 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | | |
| Vaxtatekjur | | 99.435 | 204.609 |
| Vaxtagjöld | | (153.385) | (159.003) |
| Gengismunur | | 76 | 7.849 |
| | | <u>(53.874)</u> | <u>53.455</u> |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 4.347.587 | 9.209.970 |
| Tekjuskattur | | (760.341) | (1.963.421) |
| Hagnaður ársins | 13 | 3.587.246 | 7.246.549 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|--------------------------------|------------------------------------|-------------------------|-------------------|
| Eignir | | | |
| Rekstrarfjármunir | 10 | 2.816.322 | 3.297.504 |
| Skatteign | 11 | 3.236.487 | 3.996.828 |
| | | Fastafjármunir | 6.052.809 |
| | | | 7.294.332 |
| Viðskiptakröfur | | 12.062.691 | 2.681.090 |
| Aðrar skammtímaskröfur | | 498.425 | 423.619 |
| Handbært fé | | 4.839.705 | 6.759.286 |
| | | Veltufjármunir | 17.400.821 |
| | | | 9.863.995 |
| | Eignir samtals | 23.453.630 | 17.158.327 |
| Eigið fé | | | |
| Hlutafé | 12 | 18.650.000 | 18.650.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 125.000 | 125.000 |
| Ójafnað eigið fé | | (13.313.065) | (16.900.311) |
| | Eigið fé | 13 | 5.461.935 |
| | | | 1.874.689 |
| Skuldir | | | |
| Skuldir við tengda aðila | 15 | 1.000.000 | 6.000.000 |
| | | Langtímaskuldir | 1.000.000 |
| | | | 6.000.000 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.066.503 | 1.125.559 |
| Skuldir við tengda aðila | 15 | 154.327 | 34.233 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 15.770.865 | 8.123.846 |
| | | Skammtímaskuldir | 16.991.695 |
| | | | 9.283.638 |
| | Skuldir samtals | 17.991.695 | 15.283.638 |
| | Eigið fé og skuldir samtals | 23.453.630 | 17.158.327 |

Sjóðstremisyfirlit árið 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|-------|---------------------|---------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hagnaður ársins | 13 | 3.587.246 | 7.246.549 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstremi: | | | |
| Afskriftir | 10 | 481.182 | 588.830 |
| Reiknaður tekjuskattur, breyting | | 760.341 | 1.963.421 |
| Veltufé frá rekstri | | <u>4.828.769</u> | <u>9.798.800</u> |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, hækkun | | (9.456.407) | (755.779) |
| Skammtimaskuldir, hækkun (lækkun) | | 7.587.963 | (3.161.904) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | <u>(1.868.444)</u> | <u>(3.917.683)</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | <u>2.960.325</u> | <u>5.881.117</u> |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 10 | 0 | (1.303.287) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | <u>0</u> | <u>(1.303.287)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (5.000.000) | 0 |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | 0 | (3.818.608) |
| Skuldir við tengda aðila, breyting | | 120.094 | 6.000.000 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | <u>(4.879.906)</u> | <u>2.181.392</u> |
| (Lækkun) hækkun á handbæru fé | | (1.919.581) | 6.759.222 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | <u>6.759.286</u> | <u>64</u> |
| Handbært fé í árslok | | <u>4.839.705</u> | <u>6.759.286</u> |

Skýringar

1. Félagið

Ljósmyndaskólinn ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Hólmaslóð 6 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í rekstur skóla á sviði listrænnar ljósmyndatekni, eftirvinnslu og uppsetningar á sviði ljósmyndunar, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Reikningsskilaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og búnaður 5 ár

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

8. Reiknuð skatteign

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Skatteign vegna yfirfærarlegs taps er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

Skýringar

9. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2022 | 2021 |
|---|-------------------|-------------------|
| Laun | 20.280.534 | 20.840.822 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 2.737.875 | 2.640.881 |
| Önnur launatengd gjöld | 1.523.957 | 1.493.984 |
| Annar starfsmannakostnaður | 456.658 | 638.861 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | <u>24.999.024</u> | <u>25.614.548</u> |
| Ársverk | 2 | 2 |

10. Rekstrarfjármunir

| Rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig: | Áhöld, tæki og búnaður |
|--|---------------------------|
| Heildarverð 1.1.2021..... | 12.745.268 |
| Viðbót á árinu | 1.303.287 |
| Heildarverð 31.12.2021..... | <u>14.048.555</u> |
| Heildarverð 31.12.2022..... | <u>14.048.555</u> |
| Afskrifað samtals 1.1.2021..... | 10.162.221 |
| Afskriftir ársins | 588.830 |
| Afskrifað samtals 31.12.2021..... | <u>10.751.051</u> |
| Afskriftir ársins | 481.182 |
| Afskrifað samtals 31.12.2022..... | <u>11.232.233</u> |
| Bókfært verð 31.12.2021..... | 3.297.504 |
| Bókfært verð 31.12.2022..... | <u>2.816.322</u> |
| Afskriftahlutföll | 20% |

Vátryggingarverðmæti

| Vátryggingarverðmæti | Vátryggingar- verðmæti |
|---------------------------------------|---------------------------|
| Vátryggingarverðmæti greinist þannig: | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 8.691.000 |
| Samtals | <u>8.691.000</u> |

Skýringar

11. Skatteign

Skatteign greinist þannig:

| | 2022 | 2021 |
|--|------------------|------------------|
| Skatteign í ársbyrjun | 3.996.828 | 5.960.249 |
| Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning | (760.341) | (1.963.421) |
| Skatteign í árslok | <u>3.236.487</u> | <u>3.996.828</u> |

Skatteign skiptist þannig í árslok:

| | | |
|-------------------------------|------------------|------------------|
| Frestaður gengismunur | (533) | 4.041 |
| Yfirfærð skattalegt tap | 3.275.226 | 4.140.060 |
| Skatteign í árslok | <u>3.236.487</u> | <u>3.996.828</u> |

Skýringar

12. Hlutafé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 18.700,0 þús. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut. Í árslok átti félagið eigin bréf að nafnvirði 50,0 þús. kr. líkt og í upphafi árs. Við kaup á eigin hlutabréfum er kaupverðið, að meðtoldum kostnaði sem tengist kaupunum, fært til lækkunar á eigin fé. Ef eigin bréf eru seld færst salan til lækkunar á eigin fé. Hvorki er færður söluhagnaður né sölutap í rekstrarreikning við sölu eigin bréfa.

13. Yfirlit eiginfjárreikninga

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|--------------------------|------------|-----------------------|------------------|--------------|
| Eigið fé 1.1.2021..... | 18.650.000 | 125.000 | (24.146.860) | (5.371.860) |
| Hagnaður ársins | 0 | | 7.246.549 | 7.246.549 |
| Eigið fé 31.12.2021..... | 18.650.000 | 125.000 | (16.900.311) | 1.874.689 |
| Hagnaður ársins | | | 3.587.246 | 3.587.246 |
| Eigið fé 31.12.2022..... | 18.650.000 | 125.000 | (13.313.065) | 5.461.935 |

14. Yfirfærð skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2022 nam 16.379,9 þús. kr. Yfirfærð skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfærð skattalegt tap í árslok 2022 er nýtanlegt sem hér segir:

| | 2022 | 2021 |
|--|------------|------------|
| Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028 | 348.450 | 4.696.774 |
| Skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029 | 16.031.451 | 16.031.451 |
| Ójafnað skattalegt tap samtals | 16.379.901 | 20.728.225 |

15. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félagini, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Hluthafi hefur lánað félagini 1 millj. kr. án vaxta og er gjalddagi lánsins í ársbyrjun 2024.

16. Önnur mál

Í ársbyrjun 2021 gerði félagið samning við hið Menntamálaráðuneytið varðandi opinber framlög til rekstrar félagsins Samningurinn gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2021 til 31. desember 2023 og er háður tilteknun fjárhagsskilyrðum á samningstímabilinu.